



BARNABÆJARBLAÐIÐ

BARNABÆR BES 1.-4.JÚNÍ 2015

BARNABÆR MEÐ BREYTTU SNIÐI

Fáni Barnabæjar verður dreginn að húni mánudaginn 1. júní nk. Þegar fríríkið verður sett á laggirnar í fimmta sinn. Barnabær er orðinn ómissandi þáttur í skólastarfinu á vordögum við ströndina. Þetta á við grunnskólann og einnig elstu nemendur leikskólans sem taka þátt í Barnabæ. Í nokkra daga í byrjun júní breyta kennarar, nemendur, foreldrar og aðrir starfsmenn skólanum í alveg einstakan smábæ með alls kyns uppákomum. Allt iðar af lífi, gleði og vinnusemi.

Bæjarstjóri og bæjarráð

Í ár er það Tinna Ósk Björnsdóttir sem stýrir Barnabæ. Hún er þaulkunnug starfinu og forkur mikill í þessu hlutverki. Henni til aðstoðar eru þær Hekla Þöll Stefánsdóttir og Lene Drejer Klith. Búið er að kjósa í Barnabæjarráð og sjáum við það hér á öðrum stað á síðunni. Ráðsins bíða margar skemmtilegar ákvarðanir þar sem ákveðin nýlunda er í Barnabæ þetta árið.

Laun og launamál

Sú hugmynd að vera með bankabækur, sem upp var tekin

í síðasta Barnabæ, tókst afar vel. Starfsmaðurinn fékk launin sem inneign í bankabókinni og gat notað hana í viðskiptum. Meðal verkefna nýs Barnabæjarráðs verður að taka afstöðu til þess hvort slík tilhögun henti þetta árið eða hvort þurfi að prófa aðrar leiðir.

Barnabærinn í ár

Barnabær í ár verður dagana 1. – 4. júní. Ákveðið hefur verið að breyta ögn til þetta árið og vera með TÍVOLÍ þema í bænum. Allar stöðvar vinna að því að opna TÍVOLÍ BARNABÆJAR fimmtudaginn 4. júní með öllum þeim uppákomum sem þar verða. Það var álit okkar að prófa svona nýja nálgun á verkefnið enda nauðsynlegt að útvíkka þá sýn sem verkefnið Barnabær hefur. Ljóst er að þessi útfærsla mun vekja athygli og ekki ólíklegt að 2016 verði þessum tveimur útfærslum blandað saman.

Þátttaka foreldra

Þátttaka foreldra og annarra sem lifa í samfélaginu sem umlykur skólann er gífurlega mikilvæg. Hingað til hefur þátttaka þessara aðila verið mikil og í fyrra stýrðu foreldrar 6 stöðvum og voru í tengslum

við margar aðrar stöðvar. Þetta er ómetanlegt fyrir skólann og frábært fyrir nemendur hans. Einnig má benda á að eldri nemendur sem hafa verið í Barnabæ í fjögur ár hafa áhuga á því að vera með starfsstöðvar, annaðhvort með kennara eða foreldri. Einnig eru elstu nemendur leikskólans þátttakendur í Barnabæ með eigin stöð, sem er yndislegt.

Barnabær er samfélagslegt ævintýri sem hefur opnað lítil útibú í Þorlákshöfn og Hellu. Unnið er að því að sameina heimasíður allra bæjanna til að hægt sé að fylgjast með starfinu á hverjum tíma. Barnabær er að okkar mati uppskera vetrarins í starfinu og gleðin sýnir okkur hvernig hefur gengið.

VELKOMIN Í BARNABÆ!

Magnús, skólastjóri.

Bæjarstjórn Barnabæjar 2015 skipa:

- María Björg, 5.bekk
- Iðunn Freyja, 6.bekk
- Óliver, 7.bekk
- Hrafn, 8.bekk
- Ómar, 9.bekk
- Bára, 10.bekk
- Hekla, kennari
- Lene, kennari
- Tinna, kennari og bæjarstjóri

**Tívolihljómsveit óskar eftir
hljóðfæraleikurum og söngvurum til
starfa.**

**Æskilegt er að umsækjendur hafi
gaman af tónlist og að koma fram.**



TOMBÓLA

ÓSKUM EFTIR HUGMYNDARÍKUM OG DUGLEGUM KRÖKKUM Í VINNU VIÐ

AÐ UNDIRBÚA OG SETJA UPP TOMBÓLU.

VIÐ MUNUM ÚTBÚA FJÖLBREYTTA VINNINGA ÚR ÝMISKONAR EFNIVÍÐ,

HÉR VERÐUR SAUMAÐ, SMÍÐAÐ, MÁLAÐ, TEIKNAÐ OG SKREYTT!

VIÐ ÓSKUM EFTIR KRÖKKUM ÚR 1.-10. BEKK

Ljósmyndastofan Furðumyndir

Ljósmyndastofan Furðumyndir óskar eftir hressum starfskröftum til starfa. Ef þú hefur áhuga á ljósmyndun, ert vandvirkur, hugmyndaríkur og skapandi er þetta starfið fyrir þig. Starfsmenn munu búa til og koma með furðulega leikmuni fyrir ljósmyndun auk þess að taka skemmtilegar myndir af fólki.

Ef þú hefur áhuga sendu þá umsókn!

MÖTUNEYTIÐ

- ☺ Leynist í þér listakokkur?
- ☺ Hefur þig alltaf dreymt um að hjálpa til í mötuneytinu?
- ☺ Langar þig að selja pylsur og drykki í Barnabæjartívolínu?
- ☺ Ert þú þá ekki að fara að skrifa Mötuneytið í umsóknina þína?



Spákonan



Okkur hjá Spákonunni vantar duglega starfsmenn í vinnu til að sinna því mikilvæga hlutverki að spá fyrir um framtíð fólks.



Ert þú næsta Sigga Kling?



Óskað er eftir sniðugum og skemmtilegum krökkum á öllum aldri (úr öllum bekkjum) sem vilja búa til tívolíþrautir.

Ef þú vilt vinna í hóp með öðrum og fá góð laun fyrir skemmtilega vinnu:
Skrifaðu þá á umsóknina þína **PRAUTIR**



Spegill, spegill herm þú mér....

Snyrtistofan Spegill leitar af kraftmiklum einstaklingum á aldrinum 6 – 16 ára.

Nemar munu læra allt um andlitsmálningu og hárgreiðslu.



Draugahús!!!!!!

Vilt þú taka þátt í að búa til draugahús....og kannski breytast í draug?????

Við óskum eftir hressum, hræðilegum og dularfullum starfsmönnum úr öllum bekkjum...

Þorir þú?????



DIY fatahönnun

Við erum að leita að 5-8 jákvæðum og hressum starfsmönnum sem hafa áhuga á fötum, tískusýningum, að vera módel og/eða stílisti. Ef þú hefur áhuga á að vera með skrifaðu þá „fatahönnun“ í umsóknina!



GOTT Í GOGGINN



- Ert þú jákvæður, hugmyndaríkur, snyrtilegur og hefur gaman af að dunda í eldhúsinu? Þá er þetta kanski eitthvað fyrir þig.
 - Við leitum að hressum krökkum á aldrinum 6 til 16 ára, til að framleiða og selja ýmislegt gúmmelaði á Barnabæjarhátíðinni.
- Hafir þú áhuga þá sendu okkur umsókn!



Hreyfilistastöðin



Leynist í þér hreyfilistamaður.

Jójó, húllahringir, boltafimi, teygjutvist, hringjakast, búningagerð fyrir sýningu og fl.
Óskum eftir starfsmönnum úr 1. - 10. bekk með áhuga á hreyfingu og listsköpun.
Sýningar verða í lokin.

Við þurfum glaða, skapandi og káta starfsmenn.

Sýnið hugrekki og sækjið um.



Barnabæjarpressan ehf.- Fréttastofa Barnabæjar

Leitum að 7 öflugum blaðamönnum úr 1.-10. Bekk

Umsækjendur þurfa að vera hugmyndaríkir, duglegir, sjálfstæðir og skemmtilegir.

Áhugi á fréttamennsku, myndvinnslu og ritun er nauðsynlegur.



Tölvukunnátta er æskileg.

Lukkestöðin



Hæfniskröfur:
Létt lund
Jákvæðni
Auga fyrir útlitshönnun
Góðir söluhæfileikar

Hefur þig alltaf dreymt um að vinna í sjoppu og selja happabrennur til vongóðra viðskiptavina?

Hvað með að snúa bingótrömlu og segja Núi 7 og Gunnar 36 og gleðja kátá vinningshafa?

Ef svo er, sæktu þá um hjá okkur. Við ætlum að hanna BES-brennur, spila bingó og útbúa vinninga.

Spennandi....



ATVINNUMSÓKN

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____

Nafn: _____

Bekkur: _____

SKOÐIÐ AUGLÝSINGAR BLAÐSINS VEL HEIMA. Fyllið svo út umsóknina hér fyrir ofan með því að setja í númeraða röð þær stöðvar sem þið viljið vinna á, klippið miðann út og skilið svo til Umsjónarkennara í síðasta lagi Mánudaginn 27. Apríl sjá líka: BARNABAER.BARNASKOLINN.IS